

Annar þessara pílta lifir undir Þjóðstjórn, þar sem fólkið stjórnar sér sjálf, en hinn lifir undir nokkurskonar Lénsherra-stjórn, þar sem hann verður að hlýða þeim skipunum, er Einhver býður honum, er fengið hefir sínar skipanir frá Einhverjum Öðrum, sem hlotið hefir skipan frá heilum hópi Einhverra, er tekið hafa vald sitt frá þeim, sem það hefir hlotið, frá Yfir-drottni, er „ríkir fyrir guðs náð“.

Þjóðstjórn er ekki eingöngu það fyrirkomulag, þar sem Almennigur ræður sína eigin fulltrúa. Það er það stjórnarfa- þar sem fólkið ræður sér sjálf.



#### Kaflur úr bréfi frá Sig. Júl. Jóhannessyni:

....Jæja, mikið er það og merkilegt, sem á hefir gengið hjá ykkur síðan við sáumst seinast og ekki er svo að sjá sem friðarandinn hafi breitt óslitna blæju yfir Winnipegbæ þótt Sigurður Júlíus færi þaðan. Eg heyri stundum hingað suður óminni af vopnaviðskiftum ykkar á stríðsvellinum norðurfrá og þykir gaman að. Eg hlakka altaf til að fá blóðin, þó mér finnist þeim öllum vera úbótavant. Kringla er eins og mislynd kerling, sem stundum talar af heilbrigðri skynsemi og alvöru, en stundum snýst beint á móti öllu réttu og góðu. Hún hefir á síðari tíð flutt ritstjórnargreinar svo ólíkar og hjáleitar að furðu gegnir. Stundum heldur hún uppi vörnum fyrir óheftri hugsun, heilbrigðri rannsókn, ljósi og menningu; stundum aftur á móti ber hún vopn að öllu því, sem ekki segir já og amen við öllu gömlu og rotnu. Stundum flytur hún glymjandi hvatir til siðferðis og bindindis, en í næsta skifti mælir hún með drykkjukrám og spilavítum. Hún er hvorki fugl né fiskur, hvorki heit né köld, hvorki heil né hálf. En samt er hún frá mínu sjónarmiði eins og rós á móti þyrni í samamburði við Lögberg. Tíundargreinarnar, Missiónar-greinarnar og „Það lekur úr honum afa“ þóttu mér allar ágætar.—Þá er Heimir, mér líkar vel stefna hans og meðferð flestra mála, mér þykir hann að eins heldur klúr, satt að segja, og ekki alveg nógu fjörugur. Eitt allra bezta kvæði sem ég minnst að hafa séð er kvæði Stepháns G. í Heimi um byltingamanninn (Jesús). Þesskonar biblíuljóð grafast djúpt inn í hugsanir margra. Baldur þykir mér ágætt blað síðan Einar tók við. Það er að segja ef hann væri skrifaður fyrir fólk með heilbrigðu viti, en nú er að gera við því sem er, að allur fjöldinn er blindir skynskiftingar og þess vegna er ekki til neins að skrifa eins skynsamlegar ritgerðir og Baldur flytur, nema hafa eit- hvað með til þess að ginna menn til lesturs. Baldur er of daufur, of fjörúfúll en að öðru leyti góður..... —

Ritstjóri sra Rögvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gfslí Jónsson, Winnipeg Man.